



TILLÖGUR BÆJARRÁÐS/BÆJARSTJÓRNAR UM FJÁRFESTINGA- OG FRAMKVÆMDAÁÆTLUN 2017

1. Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2018.

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að ráðstafa um 836 mkr. vegna ýmissa fjárfestinga og framkvæmda á árinu 2018.

Til fjárfestinga fari um 723 mkr., en þar af eru um 280 mkr. sem færast frá árinu 2017 og yfir á árið 2018 m.a. vegna tafa á frístundahúsi, heitum pott við Langasand og niðurrifa á Sementsreit. Í gjaldfærðar framkvæmdir á árinu fari samtals 113 mkr.

a. Götur, gangstéttar, stofnstígar/reiðstígar, endurnýjun ljósastaur, græn verkefni, leikvellir og stofnanalóðir samtals að fjárhæð kr. 212 m.kr.

- i. Um er að ræða gatnaframkvæmd við endurnýjun Esjutorgs (við Olís) og yfirlögn á Garðagrund að fjárhæð um 160 mkr. Önnur framkvæmdaverkefni eru m.a. endurnýjun ljósastaura, gangstéttar í eldri og nýrri hverfum, græn verkefni, stofnanalóðir og leikvellir, samtals að fjárhæð um 52 mkr.

b. Fasteignir, stærri verkefni 124 mkr.

- i. Um er að ræða uppbyggingu á heitri laug við Langasand að fjárhæð um 54 mkr. að teknu tilliti til styrkja, framkvæmdir við Brekkubæjarskóla (innri breytingar) að fjárhæð um 20 mkr., stærra viðhaldsverkefni að Stillholti 16-18, ýmsar framkvæmdir hjá stofnunum Akraness og Byggðasafninu í Görðum, samtals að fjárhæð 50 mkr.

c. Fasteignafélag Akraness, 419 mkr.

- i. Um er að ræða framkvæmdir við Frístundamiðstöð að fjárhæð um 185 mkr., fimleikahús að fjárhæð um 230 mkr. og undirbúningur að uppbyggingu á Jaðarsbökkum samtals að um 4 mkr. en framangreindar fjárhæðir taka mið af endurgreiðslu virðisaukaskatts til Akraness.



d. Uppbygging nýrra svæða, 54 mkr.

- i. Sementsreitir niðurrif að fjárhæð um 150 mkr., framkvæmdir til undirbúnings uppbyggingar Dalbrautarreits að fjárhæð um 40 mkr. að teknu tilliti til tekna vegna byggingarréttargjalda og samtals um 25 mkr. til að gera svæði byggingarhæf.

e. Aðrar framkvæmdir og kaup á stofnbúnaði, 27,5 mkr.

- i. Um er að ræða ýmsar framkvæmdir í tengslum við nýja grunnsýningu hjá Byggðasafninu í Görðum að fjárhæð um 9 mkr., endurnýjun ýmis konar búnaðar hjá Slökkviliði Akraness og Hvalfjarðarsveitar að fjárhæð um 4 mkr., um 5 mkr. í tengslum við skipulagsmál, nýtt hlið við förgun jarðvegs 2,5 mkr. og 7 mkr. í annað ófyrirséð.

2. Viðhald fasteigna og lóða 2018.

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að ráðstafa um 93,9 mkr. til almenns viðhalds og húsumsjónar í Eignasjóði og Fasteignafélagi Akraness slf. á árinu 2018.

Akranes, 7. desember 2017



Sævar Freyr Práinsson

bæjarstjóri